



Rauði krossinn

Hönnunarstaðall

2025

AÐ VIÐHALDA
SKÖPUNARGLEÐI
OG SAMRÆMI

Innihald

INNGANGUR	03
RADDBLÆR	04
MERKI	06
LETURGERÐ	14
LITIR	17
GRAFÍK	19
MYNDASAFN	20
LOKAORÐ	21



Inngangur

Hönnunarstaðall þessi gerir starfsfólki og hönnuðum á vegum Rauða krossins kleift að nálgast allar upplýsingar um vörumerkið á einum stað. Hér er að finna lykiltríði sem tryggja samræmda og áreiðanlega ásýnd Rauða krossins í allri miðlun.

Tilgangur hönnunarstaðalsins er að tryggja að vörumerkið skili alltaf sömu skilaboðum og upplifun, óháð miðli eða aðstæðum. Þar sem merki Rauða krossins er eitt þekktasta mannúðartákn heims, er mikilvægt að starfsfólk og samstarfsaðilar fylgi settum leiðbeiningum til að viðhalda sterkri og skýrri vörumerkjaímynd.

Hönnunarstaðallinn veitir starfsfólki og samstarfsaðilum skýrari skilning á ásýnd Rauða krossins og þjónar sem leiðarvísir fyrir rétta notkun merkisins, jafnt í innri sem ytri samskiptum. Með því að fylgja þessum viðmiðum er tryggt að ímynd og ásýnd Rauða krossins haldist fagleg, einleit og í samræmi við gildi félagsins.

Raddblær

RADDBLÆR RAUÐA KROSSINS ENDURSPEGLAR ÞAU GILDI SEM FÉLAGIÐ STENDUR FYRIR: MANNÚÐ, ÓHLUTDRÆGNI, HLUTLEYSI, SJÁLFSTÆÐI, SJÁLFBOÐIN ÞJÓNUSTA, EINING OG ALHEIMSHREYFING. HANN ER SKÝR, EINLÆGUR OG AÐGENGILEGUR, BYGGÐUR Á TRAUSTI OG ÁBYRGÐ.

Hlýlegur og mannúðlegur – Við tölum af umhyggju og einlægni, án kaldhæðni eða óþarfa formfestu.

Skýr og einfaldur – Orðalag er beint og auðskiljanlegt, án flókins málfars eða tæknilegra orða.

Faglegur og trúverðugur – Við leggjum áherslu á áreiðanleika og vandaðan tón, sem sýnir ábyrgð og traust.

Von og lausnamiðaður – Þó við fjöllum um erfiðar aðstæður, höfum við alltaf jákvæða og uppbyggilega nálgun.

Raddblær

Hvernig birtist raddblærinn í textum.

Neyðartilvikum: Hlutlaus en hlýleg nálgun, forðast upphrópanir eða ýkta dramatík.

Í fræðslu og leiðbeiningum: Skýr og hnitmiðaður texti sem leggur áherslu á lausnir og mikilvægar upplýsingar.

Í kynningar- og auglýsingatextum: Hvetjandi, einlægur og trúverðugur tónn sem byggir upp traust og samhug.

Í innri samskiptum: Vinalegur og hvetjandi tónn sem skapar samkennd og samstöðu meðal starfsfólks og sjálfboðaliða.

Dæmi:

Óheppilegt: „Snjóflóðin hafa haft skelfileg áhrif, og við þurfum nauðsynlega á hjálp að halda.“

Betra: „Snjóflóðin hafa haft mikil áhrif, en saman getum við hjálpað þeim sem þurfa á aðstoð að halda.“


RADDBLÆR RAUÐA KROSSINS ER EKKI BARA ORÐ – HANN ER SPEGILMYND GILDA OKKAR OG ÞESS MIKILVÆGA STARFS SEM UNNIÐ ER Í ÞÁGU ÞEIRRA SEM MEST ÞURFA Á AÐSTOÐ AÐ HALDA.

Merki


Merki Rauða krossins er okkar þekktasta sjónræna auðkenni, sem táknar félagið okkar og leggur grunninn að samræmdri sjónrænni ásýnd.

Þar sem það er oft það fyrsta sem áhorfendur okkar sjá, er afar mikilvægt að nota það rétt og á samræmdan hátt í öllu prentuðu og stafrænu efni.

Tákn Rauða krossins á Íslandi samanstendur af fimm jafnstórum ferningum.



Litur Rauða krossins:
Rauða kross rautt
C00 M98 Y85 K00
RGB 238, 36, 53
#EE2435



Merki Rauða krossins notar þrjá aðallitir af fjórum.



Leturgerðin sem notuð er í merki Rauða krossins á Íslandi heitir Frutiger Bold. Nafn félagsins skal skrifa með há- og lágstöfum eins og sést hér. Ekki skal skrifa nafnið með hástöfum nema í hringmerkinu.

Rauði krossinn

Merki


EININGAR:



Tryggja skal að bilið milli táknsins og leturmerkisins sé jafnt einum ferningi úr táknuinu og að leturmerkið sé í sömu hæð. Þetta viðheldur réttum hlutföllum og sjónrænu jafnvægi.

Með því að fylgja þessum leiðbeiningum er tryggt að ásýnd merkisins sé samræmd og í samræmi við hönnunarstaðal Rauða krossins.

ANDRÝMI:



Merkið verður ávallt að vera skýrt og aðgreinanlegt.

Óháð útgáfu þess þarf að tryggja lágmarks andrými í kringum það, laust við önnur sjónræn atriði. Andrýmið skal vera í hlutfalli við stærð merkisins. Hins vegar er ekki nauðsynlegt að viðhalda andrými ef merkið er sett beint út í enda hönnunarinnar.

Andrými merkisins og stærð hvíta rammans ákvarðast með mælingu á stærð „x“, þar sem „x“ er hæð ferninganna sem mynda tákn Rauða krossins.

Merki

AÐALMERKIÐ:

Aðalmerkið samanstendur af þrem þáttum: tákni Rauða krossins, leturmerki og hvítum bakgrunni.

Aðalmerkið er hægt að nota bæði með ensku og íslensku leturmerki, eftir tilefni og samhengi.



Íslenska aðalmerkið ætti að nota í efni sem er ætlað fyrir innlenda notkun og þar sem áhersla er lögð á starfsemi félagsins innanlands.




Enska aðalmerkið hentar best í efni sem er ætlað fyrir alþjóðlega miðlun, samstarf við erlend félög, eða þegar skilaboðin þurfa að ná til breiðari hóps utan Íslands.

Merki

HRINGMERKIÐ:

Hringmerkið er notað meðal annars á sjúkrabíla. Það hentar ágætlega til að einkenna starfsfólk og eigur félagsins, og er því oft notað á einkennisfatnað.

Einnig hentar hringmerkið vel fyrir notkun á samfélagsmiðlum og í auglýsingum, þar sem það er einfalt, skýrt og auðþekktanlegt.



Merki

LÁGMARKSSTÆRÐ
MERKIS:

AÐALMERKI:



Til að tryggja læsileika ætti aðalmerkið aldrei að vera minna en 20mm eða 75px á hæð, óháð hönnun.

Hlutfallsleg stærð miðað við hönnun:
Merkið ætti að taka minnst 7% af hæð skjalsins/hönnunarinnar.

Dæmi: Ef auglýsing er A4 (295 mm á hæð), ætti merkið að vera 20 mm á hæð eða hærra.

HRINGMERKI:




Til að tryggja læsileika ætti hringmerkið aldrei að vera minna en 50mm eða 200px á hæð, óháð hönnun.

Hlutfallsleg stærð miðað við hönnun:
Merkið ætti að taka minnst 17% af hæð skjalsins/hönnunarinnar.


Dæmi: Ef auglýsing er A4 (295 mm á hæð), ætti merkið að vera 50 mm á hæð eða hærra.

Undanskilið þessari reglu eru barmmerki Rauða krossins, þar sem þau eru hönnuð til að vera minni að stærð en halda samt skýrleika og læsileika.

Rétt og röng notkun merkja



Tryggðu að merkið haldi ávallt skýrri ásjón með því að virða autt svæði í kringum það.



Það má setja merkið yfir ljósmynd, en tryggja skal nægjanlegan litamun milli merkisins og bakgrunnsins.

Rétt og röng notkun merkja




Rauði krossinn



RÖNG

Það má ekki fjarlægja hvítan bakgrunn úr merki Rauða krossins.



Rauði krossinn



RÖNG

Ekki breyta hlutföllum merkisins.

Ráð: Notaðu „Shift“ takkann við stærðarbreytingu.

Rétt og röng notkun merkja



RÖNG

Ekki gera merkið gegnsætt.



RÖNG

Ekki breyta litum merkisins, jafnvel þótt þér líki betur við aðra liti.

Leturgerð

Leturfræði er alls staðar og gegnir mikilvægu hlutverki í vörumerkjaímynd. Sem mannúðarsamtök verðum við að sýna mikla varkárni við val á leturgerðum fyrir efni okkar. Leturval endurspeglar ekki aðeins vörumerkið okkar, heldur hefur það einnig getu til að skapa annaðhvort mjög jákvæða eða mjög neikvæða upplifun fyrir áhorfendur okkar.

Aa

Montserrat

AaBbCcDdEeFfGgHhIiJjKk
LlMmNnOoPpQqUuRrSsTtUu
VvWwXxYyZz

1234567890

!@#\$%^&*()_+<>?/\

black **bold** medium regular light

black **bold** *medium* *regular* *light*
italic **italic** *italic* *italic* *italic*

Leturgerð

Aa

Libre Baskerville

AaBbCcDdEeFfGgHhIiJjKk
LlMmNnOoPpQqUuRrSsTtUu
VvWwXxYyZz

1234567890

!@#\$%^&*()_+<>?/\

bold regular

bold *regular*

italic *italic*

Leturgerð

Dancing Script leturgerðin er einstök og ætluð aðeins fyrir sérstök tilefni. Hún á að vekja hlýju, hátíðleika og persónulegan blæ í efni okkar og hentar því vel fyrir jól, gjafabréf og sambærileg verkefni. Með þessu tryggjum við að hún komi fram við viðeigandi aðstæður og styrki sérstaka upplifun vörumerkisins.

Aa

Dancing Script

AaBbCcDdEeFfGgHhIiJjKk

LlMmNnOoPpQqUuRrSsTtUu

VvWwXxYyZz

1234567890

!@#\$%^&()_+<>?/*

bold regular


Litir

AÐALLITIR:


Rauður er kjarni litapallettunnar.

Hann vekur upp tilfinningar og endurspeglar áskoranir og seiglu.


Með krafti sínum og birtu minnir hann okkur á óhagganlegan styrk, skuldbindingu og þann lífsanda sem einkennir störf okkar við að veita þeim sem þurfa aðstoð.




Rauða kross rautt
C00 M98 Y85 K00
RGB 238, 36, 53
#EE2435



Svartur
C00 M00 Y00 K100
RGB 00, 00, 00
#000000



Hvítur
C00 M00 Y00 K00
RGB 255, 255, 255
#FFFFFF




Dökk blár
C100 M87 Y42 K52
RGB 1, 30, 65
#011E41

LITIR


AUKALITIR:

Þótt kjarna litir okkar séu grunnurinn að vörumerkinu okkar, eru tilvik þar sem sveigjanleiki er nauðsynlegur.


Við notum þá aukalitapallettuna okkar, sem býður upp á fjölbreytt úrval lita.




Appelsínugulur
C00 M43 Y58 K95
RGB 255,249,166
#F3865F




Gulur
C00 M02 Y35 K00
RGB 255, 249, 166
#FFF9A6




Ljós grænn
C20 M01 Y00 K06
RGB 189, 237, 329
#BDEDEF




Dökk grænn
C69 M04 Y00 K31
RGB 0, 165, 175
#00A5AF




Meðal blár
C69 M38 Y00 K26
RGB 12, 93, 189
#0C5DBD




Dökk fjólublár
C22 M39 Y00 K17
RGB 157, 112, 212
#9D70D4



Ljós fjólublár
C12 M09 Y00 K04
RGB 213, 221, 244
#D5DDF4



Meðal bleikur
C00 M56 Y37 K06
RGB 240, 98, 146
#F06292



Ljós bleikur
C00 M17 Y18 K00
RGB 255, 211, 210
#FFD3D2




Grár
C00 M01 Y00 K07
RGB 237, 235, 236
#EDEBEC

GRAFÍK

Rauði krossinn á Íslandi hefur aðgang að þessum táknum frá IFRC og getur notað þau í öllu sínu efni. Táknin eru hönnuð til að tryggja samræmi, skýrleika og inngildinguna í allri miðlun samtakanna. Þau endurspeglar gildi Rauða krossins og eru notuð í fræðsluefni, skýrslur, kynningarefni og stafræna miðla.

Hægt er að nálgast grafíkina í Brand Template á Canva eða á <https://brand.ifrc.org/ifrc-brand-system/basics/icons>



Lokaorð

Hönnunarstaðallinn er lykilverkfæri til að viðhalda faglegri og samræmdri ásýnd Rauða krossins á Íslandi. Með því að fylgja þessum leiðbeiningum tryggjum við að vörumerkið sé rétt framsett í allri miðlun og styrkjum þannig ímynd félagsins á staðbundnum og alþjóðlegum vettvangi.

Skýr og áreiðanleg ásýnd eykur ekki aðeins sýnileika Rauða krossins heldur undirstrikar einnig þau gildi sem félagið stendur fyrir – mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfboðin þjónusta, eining og alheimshreyfing. Það er í okkar höndum að tryggja að vörumerkið haldi sérstöðu sinni og trúverðugleika, þannig að það endurspegli á sem bestan hátt þá mikilvægu vinnu sem unnin er í þágu þeirra sem þurfa á hjálp að halda.

MEÐ SAMEIGINLEGRI ÁBYRGÐ OG VIRÐINGU FYRIR VÖRUMERKINU
TRYGGJUM VIÐ AÐ RAUÐI KROSSINN Á ÍSLANDI HALDIST
TRÚVERÐUGUR OG ÁBERANDI ÍMYND MANNÚÐAR OG SAMSTÖÐU.

Canva kennsla fyrir starfsfólk

VINNUSTOFA 1

GRUNNATRIÐI OG VINNUBRÖGÐ

Dagsetning: 6. maí

Tími: 13:00–14:00

Staðsetning: Víkurhvarf 1

Kennsluvídeó sem þarf að horfa á:

- Canva Essentials
- Exploring the Element Library
- Customizing Templates in Canva

Útskýrð nálgun:

- Vídeóin veita grunnskilning á helstu aðgerðum og virkum verkfærum í Canva.
- Markmiðið er að kynna helstu aðgerðir, útfærslum og sérsniðnum sniðmátum sem auðvelda hönnunarferlið.

VINNUSTOFA 2

FRÆÐSLA OG SAMVINNUÞJÁLFUN

Dagsetning: 28. maí

Tími: 13:00–14:00

Staðsetning: Víkurhvarf 1

Kennsluvídeó sem þarf að horfa á:

- Working Callabatory
- Brainstorming with Canva
- Creating Data Graphs

Útskýrð nálgun:

- Vídeóin dýpka hæfileikann til að vinna í hóp og þróa skapandi lausnir með Canva.
- Áhersla er lögð á hugmyndafræði, samvinnu og að framsetja upplýsingar á sjónrænan og aðgengilegan hátt.

Canva training for employees

STUDIO 1

FUNDAMENTALS AND METHODOLOGIES

Date: May 6

Time: 1:00 PM – 2:00 PM

Staðsetning: Víkurhvarf 1

Essential instructional videos:

- Canva Essentials
- Exploring the Element Library
- Customizing Templates in Canva

Elucidated methodology:

- The videos offer a fundamental comprehension of the primary features and functional tools available in Canva.
- The objective is to present essential features, implementations, and customized templates that enhance the design process.

STUDIO 2

EDUCATION AND COLLABORATIVE TRAINING

Date: May 28

Time: 1:00 PM – 2:00 PM

Staðsetning: Víkurhvarf 1

Essential instructional videos:

- Working Callabatory
- Brainstorming with Canva
- Creating Data Graphs

Elucidated methodology:

- The videos enhance teamwork capabilities and foster the development of innovative solutions using Canva.
- Emphasis is placed on ideology, collaboration, and the presentation of information in a visual and accessible manner.

Næst:

- BRAND TEMPLATES
- TEAMS RÁSIR
- SHAREPOINT